

**10. gr.**

Fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að  $\frac{2}{3}$  hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegjar milli Akureyrjar og Reykjavíkur og að  $\frac{1}{3}$  hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegjar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland, sbr. 7. gr. laga nr. 36/1975.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

**11. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 7 frá 13. mars 1974, sbr. og 5. gr. laga nr. 36 frá 23. maí 1975 og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 17. mars 1976.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Dorsteinn Geirsson.*

**GJALDSKRÁ**

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

**I. KAFLI****1. gr.**

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

**2. gr.**

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

**II. KAFLI****3. gr.**

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 50.00 fyrir hvern rúmmetra vatns, eða samkvæmt magnhemli kr. 1095.00 fyrir hvern mínútulitra á mánuði. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

**4. gr.**

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " .....	kr. 433.20
b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" .....	— 971.90
c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri .....	— 1 943.70

**5. gr.**

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-álestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

**6. gr.**

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

**7. gr.**

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m <sup>3</sup>	Heimæðagjald
Allt að 400	138 824 kr.
400—2000	138 824 — fyrir 400 m <sup>3</sup> + 111.10 kr./m <sup>3</sup> þar yfir
2000—6000	316 584 — — 2000 — + 94.50 — — —
6000—10000	694 584 — — 6000 — + 83.30 — — —
Meira en 10000	1 027.784 — — 10000 — + 72.40 — — —

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr 16 660.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

**8. gr.**

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

**9. gr.**

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

**III. KAFLI****10. gr.**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

**11. gr.**

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 1000.00 hverju sinni.

**12. gr.**

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er búseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## IV. KAFLI

## 13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 21. mars 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem blut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 15 22. janúar 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1976.*

F. h. r.

Árni Snævarr.

*Jóhannes Guðfinnsson.*

Nr. 62.

11. mars 1976.

**REGLUGERÐ**  
**um Reiknistofnun Háskólans.**

## 1. gr.

Reiknistofnun Háskólans lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

## 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

- a) að annast rekstur reiknimiðstöðvar við Háskóla Íslands til úrvinnslu verkefna kennara og nemenda og annarra starfsmanna háskólans og stofnana hans,
- b) að annast reikniþjónustu fyrir aðila utan háskólans, þó skulu þarfir háskólans hafa forgang,
- c) að gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á nýjungum og fást við hver þau verkefni önnur, er stuðlað geta að eflingu þjónustustarfsemi reiknistofnunarinnar.

## 3. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann stofnunarinnar til tveggja ára í senn, að fengnum tillögum háskólaráðs, sem setur forstöðumanninum erindisbréf. Háskólaráð skipar fjóra menn til að sitja í stjórn stofnunarinnar með forstöðumanni til tveggja ára. Verkfræði- og raunvísindadeild tilnefnir tvo þeirra og skulu þeir ekki vera úr sömu skor, viðskiptadeild tilnefnir einn, hinn fjórða skipar háskólaráð án tilnefningar.

## 4. gr.

Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann. Formaður boðar stjórnarfund. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfund ræður atkvæði formanns. Stjórnin fjallar um öll meiriháttar mál, ræður starfslið, samþykkir rekstraráætlanir og semur gjaldskrá yfir selda þjónustu. Tillaga um gjaldskrá skal fylgja fjárlagaáætlun fyrir stofnunina ár hvert.

## 5. gr.

Forstöðumaður stofnunarinnar hefur umsjón með daglegum rekstri hennar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn.

## 6. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) fjárveitingar á fjárlögum,